

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1227****2018/EES/7/55**

frá 20. mars 2017

um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á vörum úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080, og vörum úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15497, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, og um breytingu á ákvörðun 2005/610/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 27. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Kerfi fyrir flokkun eftir nothæfi byggingarvara, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, var samþykkt í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 ⁽²⁾. Vörur úr lagskiptu límtré og vörur úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki eru meðal þeirra byggingarvara sem sú framselda reglugerð tekur til.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/610/EB ⁽³⁾ hafa þegar verið ákvarðaðir nothæfisflokkar, að því er varðar viðbrögð við bruna, fyrir vörur úr lagskiptu límtré sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080 í töflu 1 í viðaukanum við þá ákvörðun. Frekari prófanir á þessum vörum hafa þó réttlætt breytingar á skilyrðunum, sem sett eru fram í þeirri ákvörðun, fyrir þessar vörur.
- 3) Með prófunum hefur verið sýnt fram á að nothæfi vara úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080, og vara úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15497, sé stöðugt og fyrirsjáanlegt að því er varðar viðbrögð við bruna, að því tilskildu að þau uppfylli tiltekin skilyrði varðandi lágmarksmeðaleðlismassa viðarins og lágmarksmeðalþykkt vörunnar.
- 4) Vörur úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080, og vörur úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15497, ættu því, að uppfylltum þeim skilyrðum, að teljast uppfylla skilyrði tiltekins nothæfisflokks, sem komið var á með framseldri reglugerð (ESB) 2016/364, að því er varðar viðbrögð við bruna, án þess að farið verði fram á frekari prófun.
- 5) Til að tryggja réttarvissu ætti að fella brott töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2005/610/EB og í staðinn ætti að nota viðaukann við þessa reglugerð um vörur úr lagskiptu límtré sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjttíð. ESB L 68, 15.3.2016, bls. 4).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/610/EB frá 9. ágúst 2005 um flokkun eftir nothæfi með tilliti til bruna að því er varðar tilteknar byggingarvörur (Stjttíð. ESB L 208, 11.8.2005, bls. 21).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vörur úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080, og vörur úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15497, sem uppfylla skilyrðin í viðaukanum, skulu teljast uppfylla, án prófunar, skilyrði flokkanna að því er varðar nothæfi sem tilgreindir eru í viðaukanum.

2. gr.

Tafla 1 í viðaukanum við ákvörðun 2005/610/EB fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Vörur ⁽¹⁾	Lágmarksmeðal- eðlismassi ⁽²⁾ (í kg/m ³)	Lágmarksheildarþykkt (í mm)	Flokkur ⁽³⁾
Vörur úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14080, og vörur úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15497	380	22	D-s2, d0

⁽¹⁾ Gildir um allar tegundir og lím sem vörustaðallinn tekur til.

⁽²⁾ Meðhöndlun í samræmi við staðalinn EN 13238.

⁽³⁾ Flokkur eins og hann er settur fram í töflu 1 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/364.